

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Jötnagarðsás 9, 11 og 30-40 í Munaðarnesi. Nýtt deiliskipulag.

Byggðarráð Borgarbyggðar, sem fer með fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar, samþykkti nýtt deiliskipulag í landi Munaðarness, þann 30. júní 2022. Deiliskipulagið tekur til 13 frístundalóða. Eldra deiliskipulag frá 1989. Deiliskipulag sumarbústaðalóða í landi Munaðarness, Jötnagarðsás, fellur úr gildi við gildistöku þessa.

Bjargsland II, svæði 1 í Borgarnesi. Breyting á deiliskipulagi.

Byggðarráð Borgarbyggðar, sem fer með fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar, samþykkti tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bjargslands II, svæði 1 í Borgarnesi frá árinu 2006 með síðari breytingum í 14. júlí 2022. Breytingin tekur til lóða við Fífuklett og Birkiklett þar sem gert er ráð fyrir par- og fjölbýlishúsum í stað eingöngu rað- og einbýlishúsa.

Skipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 3. ágúst 2022.

Drífa Gústafsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. ágúst 2022